

Grímsey, 25. apríl 2018

30. fundur hverfisráðs Grímseyjar haldinn í Múla, Grímsey

Mættir:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður

Karen Nótt Halldórsdóttir ritari

Guðrún Inga Hannesdóttir

Fundur hófst kl. 16:00

Rætt var um sumarið framundan, umhverfi í Grímsey og aðstöðu fyrir ferðamenn.

1. Bæjarvinnan
2. Hverfisstyrkurinn
3. Blómaker og blóm fyrir sumarið
4. Klósettaðstaða niðri á bryggju
5. Tjaldstæðismál
6. Mól til eyjarinnar
7. Mála skilti

1. Hvernig verður slætti og umhirðu í eygni háttað í sumar og hvernig verður það tryggt að þessir hlutir verði í lagi og þeim sinnt eins og á að gera?
2. Hvenær verður hverfisstyrkurinn auglýstur?
3. Við óskum eftir að fá blómaker og blóm til að prýða eyjuna. Er einhverstaðar hægt að skoða lista yfir það sem er boði, bæði af kerjum og blómum? Hver sér um gróðursetningu og vökvun?
4. Nú í ár koma hátt í 40 skemmtiferðaskip til Grímseyjar auk allra þeirra ferðamanna sem koma með ferju eða flugi. Það er brýn nauðsyn að bæta hérna salernismál. Fyrir er eitt klósett í Galleríinu. Galleríið er pínulítið og getur ekki tekið á móti mörgum í einu og er þetta mikið álag á húsnæðið. Einnig eru tvö klósett á veitingastaðnum og finnst okkur

Grímsey, 25. apríl 2018

30. fundur hverfisráðs Grímseyjar haldinn í Múla, Grímsey

ekki hægt að bjóða eigandanum upp á það að beina þeim ferðamönnum þangað sem ekki eru viðskiptavinir staðarins.

5. Hvernig verður tjaldstæðamálum háttað? Er búið að selja aðstöðuskúrinn fyrir tjaldgesti? Hver sér um gjaldtöku?
6. Við óskum eftir því að fá mól senda til eyjarinnar sem íbúar geta notað til þess að fegra umhverfið. Ansi margt er að koma illa undan vetri og mól mikið færst til.
7. Heimskautsbaugsskiltið hjá Básun er orðið illlæsileg og þarf að mála það.

Fundi slitið um 17:00